

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/76/16

frá 9. desember 2005

um að leysa Kýpur og Möltu undan þeirri skyldu að beita tilskipun ráðsins 2002/54/EB um markaðssetningu sykurrófufraes(*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 4756)

(Einungis gríski og maltneski textinn hafa lagagildi)

(2005/886/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufraes⁽¹⁾, einkum 30. gr. a,

með hliðsjón af beiðni Kýpur og Möltu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/54/EB eru sett fram tiltekin ákvæði um markaðssetningu sykurrófufraes. Í þessari tilskipun er einnig kveðið á um að leysa meg, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, aðildarríkin, að öllu leyti eða að hluta til, undan þeirri skyldu að beita þessari tilskipun.
- 2) Sykurrófufrae eru yfirleitt ekki ræktuð eða sett á markað á Kýpur og Möltu. Að auki hefur ræktun sykurrófna afar lítið efnahagslegt gildi í framangreindum löndum.

3) Meðan þessar aðstæður eru fyrir hendi skal leysa viðkomandi aðildarríki undan þeirri skyldu að beita ákvæðum tilskipunar 2002/54/EB gagnvart viðkomandi efni.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Kýpur og Malta eru hér með leyst undan þeirri skyldu að beita tilskipun 2002/54/EB, að undanskilinni 20. gr.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Kýpur og Lýðveldisins Möltu.

Gjört í Brussel 9. desember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 326, 13.12.2005, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 18.

(¹) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).